



BÍFHJÓL, VEGBÚNAÐUR OG UMFERÐARÖRYGGI



Samstarfsverkefni Sniglanna, Bífhjólasmátaka Líðveldisins og Vegagerðarinnar

Rannsóknarráðstefna Vegagerðarinnar
9. nóvember, 2012

Kynning á handbókinni
BÍFHJÓL, VEGBÚNAÐUR OG UMFERÐARÖRYGGI

Daníel Árnason, Vegagerðinni - Gunnar Gunnarsson, Sniglunum

Kynning á verkefninu „Handbók um bifhjól, vegbúnað og umferðaröryggi“

Bifhjólafólk flokkast undir óvarða vegfarendur. Bifhjól eru ekki með neinni eftirgefanlegri árekstrarvörn styrktarbitum eða öryggisbeltum og þess vegna verða slys á bifhjólum oft alvarleg. Það er alþekkt staðreynd að meira en helmingur slysa á bifhjólum verða við útafakstur, einnig á Íslandi, og því er hönnun vega og umhverfi þeirra sérlega mikilvæg bifhjólafólki.

Öryggi bifhjólafólks hefur lengi verið baráttumál hjá Sniglum, Bifhjólasamtökum Lýðveldisins, og ófá spor verið stigin í áttina að því markmiði. Þessi handbók sem nú er til kynningar á Rannsóknarráðstefnu Vegagerðarinnar og fjallar um öruggara vegumhverfi fyrir bifhjólafólk, er nýjasta varðan á þeim vegi. Handbókin byggir að miklu leyti á sambærilegri norskri handbók útgefinni af systursamtökum Sniglanna í Noregi í samstarfi við Norsku Vegagerðina.

Undanfarin ár hefur fjöldi bifhjólamanna í almennri umferð aukist verulega og á eflaust eftir að aukast enn meira á næstu árum, ekki síst vegna hagkvæmnissjónarmiða í kjölfar hækkandi eldsneytisverðs og hinnar alræmdu kreppu. Bifhjól eyða að jafnaði aðeins hluta af eldsneyti fólksbíla pr. km og eiga að vera að ýmsu leyti þægilegri fararmáti og fljótlegri í borgarumferð, auk þess að þurfa ekki eins mikið rými undir stæði. Unglingar komast fyrr á göturnar á léttum bifhjólum, t.d. vespum, heldur en á bílum og er því mikilvægt að tryggja öryggi þeirra og meðvitund um hættur umferðarinnar strax í upphafi vegferðar þeirra. Sniglarnir hafa unnið að kynningu, fræðslu og áróðri til þess að efla umferðaröryggi þessara vegfarenda.

Sniglarnir og Vegagerðin hafa átt gott samstarf, enda miklir sameiginlegir hagsmunir er varða umferðaröryggi. Opin og skilvirk upplýsingamiðlun er mjög mikilvæg fyrir báða aðila bæði hvað varðar tilkynningar um ástand vega svo og þekkingarmiðlun. Benda má á að einfaldir hlutir í augum veghaldara, eins og t.d. sópun lausamalar, hreinsun vegamóta, staðsetning skilta og vegbúnaðar er gríðarlega mikilvæg umferðaröryggisleg aðgerð fyrir bifhjólafólk. Er þess vænst að samstarf þessara tveggja baráttuhópa um aukið umferðaröryggi, þ.e. Vegagerðarinnar og Sniglanna eflist á næstu árum.

Hvers vegna er handbókin skrifuð?

Eins og áður segir hefur orðið mjög mikil fjölgun bifhjóla í umferðinni á Íslandi síðasta áratuginn, bæði vegna aukins innflutnings svo og vegna erlendra ferðamanna sem koma til landsins með eigin bifhjól eða leigja bifhjól á íslenskum leigum. Þá hefur einnig orðið sprenging í fjölgun á svokölluðum vespum með vélarstærð undir 50 ccm og léttum rafnagnshjólum. Er þessi þróun í samræmi við þróun á hinum Norðurlöndunum, svo sem í Noregi.

Þess má geta að fjölgun bifhjólaslysa héraendis er hlutfallslega hægari en fjölgun bifhjóla og bendir það til þess að umferðaröryggi bifhjólafólks hafi batnað á síðastliðnum 10 árum. Það gefur vísbendingu um að enn megi bæta öryggi bifhjólafólks með vitundarvakningu og framkvæmdum sem stuðla að betri vegum, bættri umferð og betri umferðarmenningu.

Umhverfi vega og umferðarmannvirkja hafa áhrif á öryggi bifhjólafélks. Aukin vitund gæti m.a. leitt til þess að hættuleg umferðarmannvirki yrðu fjarlægð eða lagfærð. Þannig verður umferðaröryggi bifhjólafélks betur tryggt svo fækka megi alvarlegum bifhjólaslysum eða dauðsföllum.

Tillögurnar og leiðbeiningarnar sem fram koma í þessari handbók eiga að auka umferðaröryggi bifhjólafélks og geta einnig stuðlað að auknu umferðaröryggi annarra vegfarenda samhliða. Þörfin fyrir handbók þessa skapaðist meðal annars vegna þess að;

- Bifhjólafélk er í talsvert meiri hættu í umferðinni en aðrir ökumenn
- Bifhjólaslysum hefur fjölgað á sl. 10 árum samhliða fjölgun bifhjóna.
- Bifhjólafélk er berskjaldaðra en aðrir í umferðinni og geta bifhjólaslys auðveldlega valdið alvarlegum skaða.
- Vega- og gatnagerð er yfirleitt miðuð við ökutæki á fjórum hjólum. Þar sem ekki er tekið fullt tillit til sérstöðu bifhjóna.
- Aukin vitund og þekking á bifhjólum og eiginleikum þeirra, strax á skipulagsstigi vegagerðar og svo á framkvæmdar- og viðhaldsstigi getur aukið umferðaröryggi bifhjólafélks.

Fyrir hverja er handbókin skrifuð?

Handbókin er skrifuð sem leiðbeiningar og heimild fyrir þá sem koma að vegagerð, viðhaldi vega og vegakerfa. Bókin er líka ætluð til þess að upplýsa bifhjólafélk um vegagerð, hönnun vega og uppbyggingu vegakerfis. Þeir sem ekki hafa sjálfir ekið bifhjóni hafa ekki alltaf þekkingu, reynslu eða hæfni til þess að skilja sérþarfir þeirra í umferðinni. Þessi handbók er hugsuð sem heimild og leiðarvísir til þess að stuðla að betri lausnum með tilliti til umferðar bifhjóna.

Handbókin höfðar líka til ökunema og umferðarhegðun þeirra og allra þeirra sem koma að ökukennslu, hvort sem er nám á bifhjól eða önnur ökutæki. Með auknum skilningi á þeim þáttum sem stuðla að eða orsaka slys, má fækka þeim. Mikilvægt er að ökumenn í umferðinni átti sig á stöðu bifhjólafélks sem vegfarenda og hve óvarið það er ef það lendir í óhappi.

Bifhjólafélk er hvatt til þess að koma á framfæri ábendingum og tillögum að öruggari lausnum með vísan í þessa handbók. Þannig mun bifhjólamenning og jafnframt handbókin fá meira vægi hjá samgönguyfirvöldum. Handbókin er afrakstur samvinnu bifhjólafélks og samgönguyfirvalda. Uppbyggilegt samstarf sérfræðinga í vegagerð og bifhjólafélks með reynslu og þekkingu á bifhjólaakstri mun skila öruggari lausnum í umferðinni.

*Reykjavík, 6. nóvember 2012,
Daníel Árnason Vegagerðinni, Gunnar Gunnarsson, Sniglum*